

# Ársskýrsla Umhverfissviðs 2020

---

## Umhverfissvið:

Umhverfissvið starfar í umboði umhverfis- og skipulagsráðs og eru málaflokkar þess umhverfis- og samgöngumál skipulags- og byggingamál og eignausýsla.

---

Árið 2020 hefur verið eins og hjá öllum mjög einkennilegt og hefur allt starf litast mjög af heimsfaraldri sem kom til lands í upphafi árs en hafði fyrst bein áhrif á alla starfssemi í mars/apríl. Farið var í að forgangsraða verkefnum og horft til þess að fara í verkefni sem væru mannfrek þar sem ljóst var með lokun flugstöðvarinnar og stopp í ferðamannaíðnaðinum að litla vinnu yrði fyrir til að mynda skólafólk í sumar. Þá jókst atvinnuleysið í Reykjanesbæ mjög við þessar aðstæður. Farið var í átak í stígagerð á árinu og var vel tekið það af íbúum og voru þessir stígar vel nýttir til útivistar og hreyfingar þegar aðrar leiðir til þess voru lokaðir.

Vegna takmarkanna í Ráðhúsinu var töluvert um fjarvinnu starfsfólks, móttaka viðskiptavina var hætt og fjarfundir iðkaðir. Það er ljóst að á Umhverfissviði eins og öðrum sviðum mun sú reynsla og þekking sem skapaðist á árinu vegna Covid nýttast til framtíðar.

Hér verður farið yfir helstu verkefni á Umhverfissviði á árinu.

---

## Skipulagsmál:

Skipulagsfulltrúi er Umhverfis- og skipulagsráði til aðstoðar við framfylgd skipulagsmála. Veitir framkvæmdarleyfi og stýrir skipulagsmálum.

---

Tekin var ákvörðun af sveitarfélaginu að fara þyrfti í endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar og er sú vinna hafin. Það var talið nauðsynlegt meðal annars vegna fólksfjölgunar. Stefnt er að vinnu við endurskoðun Aðalskipulags ljúki á þessu ári og er vinnu við Rammaskipulag Ásbrú lokið. Reynst hefur vel að fjölga fundum hjá Umhverfis- og skipulagsráði en algengt er að málafjöldi sé 16-17 mál á fundi. Alls voru 312 mál tekin fyrir á 21 fundi árið 2020. Þar af var deiliskipulag fyrir tvö ný hverfi um 60 grenndarkynningar, lóðarúthlutanir, umsagnir fyrir skipulagsstofnun og ýmsar opinberar stofnarnir en einnig fjöldi annarra mála.

---

## Byggingarmál:

Byggingarfulltrúi er stjórnvaldið og sá aðili sem gefur út byggingarleyfi. Hann krefst tilskilinna gagna og sér til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um leyfisveitinguna.

---

Álag á embætti byggingarfulltrúa var í meðallagi árið 2020. Vinna við skráningu fasteigna hefur verið viðvarandi allt árið, unnið hefur verið í skjalamálum jafnt og þétt og haldið var áfram að skanna inn eldri gögn í skjalavistunarkerfi. Mikið hefur verið að gera í lokaúttektum á mannvirkjum. Vinna við uppfærslur og þróun á skjalavistunarkerfi hélt áfram í samstarfi við Hugvit og HMS.

Áfram hélt vinna við þróun á byggingargátt í samstarfi við Húsnæðismálastofnun. Þann 1. nóvember 2019 var hætt að taka við pappír og rafrænt byggingarleyfi tekið í notkun.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa voru 22 á árinu þar sem 156 erindi voru tekin fyrir. Af þeim voru 104 samþykkt, 21 erindum vísað til frekari afgreiðslu til skipulagsfulltrúa, 28 erindum var frestað og þremur hafnað. Um 35 lóðum var úthlutað á árinu og var 9 lóðum skilað aftur eftir úthlutun.

## **Eignaumsýsla:**

Reykjanesbær á og rekur um 52 eignir af öllum stærðum og gerðum. Þá er Umhverfissvið með um 240 eignir í umsjá fyrir Fasteignir Reykjanesbæjar.

Á sviði Eignaumsýslu eru þrjú stöðugildi. Helstu verkefni deildarinnar eru framkvæmdir og viðhald fasteigna í eigu Reykjanesbæjar. Þá aðstoðar sviðið Fasteignir Reykjanesbæjar sem er séreignarfélag við ýmis verkefni. Eins og undanfarin ár var þó nokkuð unnið í stofnunum bæjarins. Mest er unnið við viðhald yfir sumartímann þegar skólar og leikskólar eru í sumarfrí.

Í Akurskóla var skipt um megnið af rennum og niðurföllum á húsinu og þak yfir inngangi endurnýjað. Þá var aðstöðu skólaritara breytt. Njarðvíkurskóli, þar var haldið áfram með að klæða hliðina sem snýr að Þórustíg, áfangi 2. Áfangi 3 verður sumarið 2021. Þá fékk heimilisfræðistofan upplýftingu sem bætir aðstöðu kennara. Í

Háaleitisskóla var haldið áfram með gluggaskipti, teppum skipt út fyrir dúka, brunakerfi uppfært, áfangi eitt. Þá var aðstaða húsvarðar einnig bætt til muna. Myllubakkaskóli fékk mikla yfirferð og er það í tengslum við rakaskemmdir sem hafa verið að hafa áhrif á loftgæði. Skipt um 15 glugga, skipt um nokkuð af dúk á gólfum auk þess sem loftræstikerfi var þrifið. Þá þurfti að fara í ýmsar smáviðgerðir vegna þessa. Heiðarskóli fékk smávægilega breytingu innanhúss sem fólst í að stúka af opin rými og búa þannig til stofur fyrir sérkennslu. Í Holtaskóla var skipt um járn á þaki á unglingagangi auk þess sem skipt var um útihurð.

Í skólum var farið í að LED væða ljós á þeim stöðum þar sem ljós loga frá morgni til kvölds. Þá voru um 700 m<sup>2</sup> af veggjum málaðir í hverjum skóla.

Í leikskólum var mest um hefðbundið viðhald og reynt að verða við óskum forstöðumanna sem bæta starfsumhverfi starfsfólks. Í hverjum leikskóla voru málaðir um 350 m<sup>2</sup> af veggjum.

Þær stofnanir sem fengu andlitslyftingu, eða málaðar að utan voru: Leikskólinn Vesturberg, þakið á Leikskólanum Velli var málað. Duus hús voru máluð og Björkin við Njarðvíkurskóla fékk yfirhalingu. Þá var blái hluti Hljómahallar málaður og loks tréverk á Tjarnargötu 12

Farið var í miklar sprunguviðgerðir á H88 húsinu og stefnt að því að mála það að utan sumarið 2021. Einnig var sett upp ný útihurð.

Í íþróttamannvirkjum var hefðbundið viðhald. B-salur við Sunnubraut fékk nýtt járn á þakið. Í íþróttamiðstöð Njarðvíkur þurfti að uppfæra gufubaðið vegna skemmda sem urðu á því vegna leka. LED væðingu var haldið áfram í Sundmiðstöð, Íþróttamiðstöð Njarðvíkur og Reykjaneshöllinni. Þá eru um 500 m<sup>2</sup> málaðir inni á hverju ári.

Verkefni tengd rakaskemmdum voru í fjórum byggingum, Myllubakkaskóla, Njarðvíkurskóla, Leikskólanum Garðaseli og Leikskólanum Skógarás. Þetta geta verið flókin verkefni og erfið viðureignar.

Byrjað var að undirbúa að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að H88 húsinu og Holtaskóla og stefnt að því að byrja umbætur 2021

Laus kennslustofa var færð frá Stapaskóla og sett niður við Njarðvíkurskóla

Sjálfvirkar rafmagnshurðar í stofnunum Reykjanesbæjar voru yfirfarnar (áfangi 1) og í þær settar rafhlöður sem tryggja opnun á þeim ef rafmagn fer af. Áfangi 2 árið 2021

Loftræstikerfi í byggingum er yfirfarið tvisvar á ári. Skipt er um síur einu sinni á ári.

Vinna við lóðir við skóla og leikskóla er alltaf einhver. Þá er farið yfir leiktæki reglulega og passað uppá að sé í lagi.

---

**Umhverfisþjónusta:**

Umhverfisþjónusta  
Reykjanesbæjar annast  
daglegan rekstur á  
gatnakerfi og opnum  
svæðum í

Reykjanesbæ. Sviðið  
spannar allt frá  
gróðursetningu plantna  
til snjómokstur og  
hálkueyðingar.

---

Í umhverfismiðstöð starfa 19manns við hin ýmsu störf sem snúa helst að þjónustu við íbúa og stofnanir Reykjanesbæjar.

Fyrir utan hin hefðbundnu verkefni sem snéru að viðhaldi gatnakerfis viðhaldi á opnum svæðum fór töluverð vinna í að endurnýja strætóskýli. Átak í gerð heilsustíga gekk vel og vonir standa til að halda megi því áfram 2021 því viðbrögð bæjarbúa hafa verið góð og nýir, breiðir og vel upplýstir stígar hafa bætt gæði stígakerfis okkar mikið.

Unnið var áfram við uppbyggingu útivistarsvæðis við Njarðvíkurskóga. Á árinu var m.a. settur upp glæsilegur 18 körfu frísbí golf völlum sem þykir einstakur. Einnig var hafist handa við uppsetningu glæsilegrar þrautabrautar sem mikill metnaður hefur verið lagður í. Langþráður frísbíggolf völlum á Ásbrú var einnig settur upp, en hann er með 6 körfum. Einnig var settur upp nýr körfuboltavöllur á Ásbrú.

Ráðist var í átak í gerð niðurtekta á stofngönguleiðum þannig að gönguleiðir séu skýrar og uppfylli nútíma kröfur, m.a. vegna sjónskertra vegfarenda. Með svokölluðum blátoppaljósnum við gangbrautir hefur öryggi gangandi vegfarenda verið aukið, en stefnt er að því að þessi ljós verði sett upp við flestar gangbrautir stofngönguleiða. Þannig yrði t.d. öryggi göngu- og hjólaleiða grunnskólabarna aukið.

Eftirlit með yfirborðsfrágangi framkvæmdaaðila var hert til muna og línur lagðar í þeim efnum. Það skilaði sér í betri og vandaðri frágangi yfirborðs þeirra verktaka sem hafa rofið bæjarland.

Grettistaki var lyft í því að koma rafrænum gögnum inn í nýtt landupplýsingakerfi (GIS). Byrjað var á því að koma fráveitugögnum inn í GIS grunn sem tæknimenn USK vinna í daglega. Þannig má birta valin gögn strax í kortasjá Reykjanesbæjar. Unnið er að því að koma götum Reykjanesbæjar inn í grunninn svo skipuleggja megi betur framkvæmdir og viðhald.

Ný umferðarljós voru keypt fyrir gatnamót Hringbrautar við Skólaveg, Vesturgötu og Aðalgötu og frumhönnun þeirra gatnamóta unnin m.t.t. meira umferðaröryggis.

### **Vinnuskóli og garðyrkjuhópur**

Á sumrin eru Vinnuskóli og Garðyrkjudeild gerð út frá Umhverfismiðstöð.

Líkt og undanfarin ár fjölgaði mjög í hópi starfsmanna og voru samtals 735 starfsmenn hjá Vinnuskólanum og garðyrkjudeild við ýmiskonar störf frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst, kemur þar til sérstakt atvinnuáttak vegna Covid-19 fyrir starfsfólk sem er 18 ára og eldri m.a. í garðyrkjudeild og skógræktaráttaki

Nemendur Vinnuskóla höfðu kost á vinnu í allt að 150 vinnustundir á sjö vikna tímabili.

Nemendur sem eru 15 ára á árinu, tóku þriðja ári í röð þátt í þriggja daga verknámssmiðjum í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Verkefni vinnuskóla eru almenn hreinsun og fegrin umhverfis en felst það helst í hreinsun á stofnæðum og opnum svæðum, gróðurbeðum og leiksvæðum.

Einnig fara nemendur í svokallaða hverfahreinsun eins og tækifæri gefst til.

Nemendur í garðyrkjuhópi sjá um sumarblómin og sláttur verkefni víða um bæinn samhliða því að sinna beðahreinsun og tilfallandi verkefnum.

Nánar má lesa um starf vinnuskóla í skýrslu Vinnuskólans.

---

**Fráveita:**

Fráveita  
Reykjanesbæjar er B  
hlutastofnun í eigu  
Reykjanesbæjar.  
Umhverfissvið annast  
allan daglegan rekstur  
sem og allar  
nýframkvæmdir  
fráveitna.

---

Mikill undirbúningur hefur verið vegna fyrirhugaðra framkvæmda við fráveitu og nýr verkefnastjóri fráveitu hefur verið ráðinn. Unnið var að gerð gagna fyrir útboð framkvæmda við sjóvarnargarð og landfyllingu undir nýja hreinsi- og dælustöð við Ægisgötu og einnig að frumhönnun stöðvarinnar sem hafist verður handa við eftir útboð þess þáttar verksins.

Mikið hefur verið unnið í að setja fráveitukerfið í landupplýsinga grunn sveitarfélagsins. Nú er allar stofnlagnir komnar inn í kerfið, en það auðveldar alla skipulagningu og þróun kerfisins.

Endurnýjun og viðhald á fráveitu voru helst Greniteigur, Birkiteigur og Faxabraut\_auk minni viðhaldsverkefna. Þá var haldið áfram að mynda og ástands meta lagnir í bæjarfélaginu en niðurstaðan sýnir að það er kominn tími til að setja enn frekari fókus á fráveitu Reykjanesbæjar. Einnig

var unnið að kortlagningu aldurslagna og undirbúið að setja saman nýja framkvæmdaráætlun til lengri tíma. Mikilvægt er að ákveða staði sem hægt væri að fódra til að auka líftíma núverandi lagna. Sú aðgerð minnkar rask og er ódýrari og hugsuð til að vinna tíma við forgangsröðun nauðsynlegra framkvæmda. Undirbúningur að endurnýjun lagna í Sóltúni, Miðtúni, Vallartúni og Garðavegi er að ljúka og verður framkvæmt 2021. Einnig er unnið að skoðun á öðrum hverfum og forgangsröðun. Framkvæmdir við að tengja fráveitu út Hólamiðum við Helguvíkurbær þarf að skoða. Mikið verk er fram undan í fráveitumálum Reykjanesbæjar með byggingu nýrrar hreinsistöðvar en ný reglugerð um fráveitumál mun leggja auknar kröfur á sveitarfélagið frá því sem nú er.

---

*„The right way to  
determine your future  
is by creating it“.*

---

Eins og áður segir var árið 2020 viðburðarríkt og vægast sagt „öðruvísi“ á Umhverfissviði. Töluverðar mannbreytingar voru á sviðinu, nýr deildarstjóri umhverfismála hóf störf, verkefnastjóri fráveitu, eftirlitsmaður nýframkvæmda og þá var ný staða öryggis- og vinnuverndarfulltrúa sett á legg og er sem stendur á Umhverfissviði.

Samskipti við önnur svið og aðra starfsmenn Reykjanesbæjar sem og bæjarfulltrúa hefur verið mjög gott og það ber að þakka. Starfsfólk Umhverfissviðs lítur nýtt ár spennandi augum og erum full tilhlökkunar á þau verkefni sem okkur verður falið og/eða við tökum okkur fyrir hendur.

Unnið í samstarfi við starfsmenn Umhverfissviðs í janúar 2021

Guðlaugur H Sigurjónsson  
Sviðsstjóri Umhverfissviðs